

Fundargerð

9. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 7. maí 2007 kl. 13-15

Mættir aðalmenn:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eyþórsdóttir, Ríkhart Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Jón Viðar Jónmundsson og Snorri Baldursson.

Fjarverandi: Aðalsteinn Sigurgeirsson.

1. Samþykkt dagskrár

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskráin samþykkt. Emma ritaði fundargerð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 8. fundi var samþykkt með minni háttar leiðréttingum.

3. Staða mála frá síðasta fundi

Engin mál voru afgreidd frá nefndinni frá síðasta fundi.

4. Afgreiðsla umsókna um styrki

Alls bárust 8 umsóknir um styrki til nefndarinnar, sem hér segir:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Sótt um kr.
Jón H. Hallsson v/ Gunnfríðar E. Hreiðarsdóttur (PhD verkefni)	Uppruni íslenska hestsins	700 þús.
Jón A. Hallsson v/ Birnu K. Baldursdóttur (MS verkefni)	Erfðafjölbreytileiki íslenska geitfjárstofnsins	700 þús.
Ólafur R. Dýrmundsson	Forystufé	700 þús.
Sigríður Hjörleifsdóttir	Greining á erfðabreytileika íslensku landnámsþænnar	1.000 þús.
Halldór Þorgeirsson og Guðný Halldórsdóttir	Mynd um forystufé	646 þús.
Birna K. Friðriksdóttir og Guðbergur E. Eyjólfsson	Þróun og markaðssetning á kynningum og fræðslu fyrir almenning um erfðaauðlindir í landbúnaði	700 þús.
Helgi Þórsson	Söfnun og varðveisla erfðaefnis gamalla jarðarberja- og hindberjastofna í Kristnesi	300 þús.
Júlíus Baldursson	Útungunarvél v/ landnámsþænnar	400 þús.
SAMTALS		5.146 þús.

Ákveðið var að styrkja eftirtalin verkefni:

Uppruni íslenska hestsins	kr. 700 þús
Erfðafjölbreytileiki íslenska geitfjárstofnsins	kr. 700 þús
Forystufé	kr. 700 þús
Mynd um forystufé	kr. 646 þús
<u>Gamlir berjastofnar í Kristnesi</u>	<u>kr. 300 þús</u>
Samtals	kr. 3.046 þús

5. Stefnumörkun Íslands varðandi líffræðilega fjölbreytni

Drög að stefnumörkun nefndar ráðuneyta er vinnur nú að stefnumörkun Íslands varðandi líffræðilega fjölbreytni voru lögð fram og rædd. Snorri Baldursson skýrði stöðu málsins en hann er ritari nefndarinnar. Rætt var um ýmis atriði sem koma fram í drögunum og bent á nauðsyn samþættingar milli starfsáætlunar erfðanefndar og stefnumörkunar um líffræðilega fjölbreytni. Samþykkt að Áslaug Helgadóttir og Ríkhart Brynjólfsson hitti nefnd ráðuneyta á fundi 30. maí, eins og um er beðið.

6. Alþjóðlegt samstarf

Nefndarmenn skýrðu frá þátttöku sinni í norrænu og alþjóðlegu samstarfi varðandi erfðaaauðlindir í landbúnaði.

- a) Áslaug Helgadóttir sagði frá stöðu mála varðandi endurskipulagningu norræns samstarfs um erfðaaauðlindir í landbúnaði og fyrirhugaðri stofnun NordGen sem á að taka til starfa 1. janúar 2008. NordGen mun taka yfir starfsemi genbankanna, NGB og NGH ásamt samstarfi varðandi erfðaaauðlindir skóga. Skipuð verður bráðabirgðastjórn NordGen á næstu vikum, sem mun ráða forstjóra nýrrar stofnunar. Núverandi forstjóri NGB og NGH, Erling Fimland er ritari stjórnarinnar.
- b) Emma Eypórsdóttir sagði frá fyrirhuguðu málþingi í Danmörku í lok maí með tvíþættri dagskrá. Fjallað verður um sjálfbæra ræktunarstefnu í helstu nytjastofnum búfjár og alifugla ásamt stuttri dagskrá um alþjóðareglur varðandi viðskipti með erfðafni og eignarhald erfðaaauðlinda.

7. Önnur mál

- a) Guðni Guðbergsson lagði fram eftirfarandi tillögu að bókun:

Erfðanefnd landbúnaðarins lýsir áhyggjum af innflutningi á fiskum og öðrum lífverum sem ætlaðar eru í fiskabúr og útítjarnir. Telur nefndin að þörf sé á heildstæðri úttekt og samræmingu á lögum og reglum um innflutning og dreifingur tegunda sem mögulega geta lifað hér á landi og haft áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra tegunda, líffræðilega fjölbreytni og erfðaaauðlindir landsins.

Greinargerð:

Færst hefur í vöxt að hingað til lands séu fluttar tegundir sem aðlagðar eru að köldu umhverfi og gætu lifað í íslensku náttúru. Þær takmarkanir sem nú eru í gildi beinast eingöngu að því sem snýr að heilbrigði. Innflutningur dýra milli landa frá fjarlægum heimkynnum á sér langa sögu og hefur í mörgum löndum valdið miklum og óafturkræfum vistfræðilegum áhrifum. Læra þarf af reynslu annarra þjóða og grípa fljótt til raunhæfra aðgerða til verndar íslensku náttúru.

Tillagan var rædd og m.a. ákveðið að kanna lagagreinar sem tengjast þessum málefni og benda sérstaklega á þau atriði sem þarf að samræma og bæta tilvísunum þar um inn í tillöguna. Formaður gengur frá nýjum texta tillögunnar og sendir til nefndarmanna.

- b) Emma greindi frá framvindu samstarfsverkefnis um samræmda skráningu búfjarkynja í alþjóðlega og innlenda gagnagrunna (EFABIS-Net) sem nefndin hefur styrkt þátttöku í. Mögulega þarf að leita aftur til nefndarinnar vegna kaupa á sérstökum netþjóni fyrir þessa skráningu (venjuleg PC tölva). Sent verður formlegt erindi um það síðar ef til kemur.

8. Næsti fundur

Næsti fundur var áformaður fyrir áramót 2007/2008 og verður boðaður sérstaklega.